



Skýrsla stjórnar Betri samgangna fyrir 2024

Dagsetning: 30.4.2025

Fulltrúar hluthafa, góðir gestir.

Undirritun samgöngusáttmálans árið 2019 markaði tímamót í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrsta sinn var mótuð sameiginleg framtíðarsýn, meginmarkmið og heildarhugsun um stórfellda uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Ári síðar voru Betri samgöngur stofnaðar með aðild ríkissjóðs og sveitarfélaganna sex. Megintilgangur Betri samgangna er að hrinda í framkvæmd þessari uppbyggingu.

Að baki er fjórða heila rekstrarárið frá stofnun fyrirtækisins. Óhætt er að segja að það hafi verið viðburðarríkt og markað ný tímamót í starfseminni. Fyrstu uppfærslu Samgöngusáttmálans lauk á árinu og var uppfærður sáttmáli kynntur formlega á opnum fundi 21. ágúst 2024 og undirritaður af fulltrúum hluthafanna; forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra, borgarstjóra og bæjarstjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Uppfærsla Samgöngusáttmálans

Árið 2024 var sjötta ár gildistíma Samgöngusáttmálans og á fyrri hluta ársins stóð enn yfir umfangsmikil vinna sérstaks viðræðuhóps við uppfærslu sáttmálans. Samgöngusáttmállinn er umfangsmikill og tekur til langs tíma. Því var ljóst frá upphafi að rýna þyrfti forsendur hans á einhverjum tíma í ljósi reynslunnar þ.á.m. vegna verðhækkana aukinna tækni- og umhverfiskrafna, aukins umfangs og nýrra verkefna.

Hópnum var falið að uppfæra framkvæmdatöflu, þ.m.t. tíma- og kostnaðaráætlun, fjármögnun, vinna ábatagreiningu, bæta stjórnskipulag og ljúka drögum að samningi um eflingu almenningsamgangna. Vanda þyrfti til verka og afraksturinn er þverpólitískt niðurstaða sem allir höfuðborgarbúar munu njóta góðs af.

Við sem komum að gerð upphaflega Samgöngusáttmálans árið 2019 vorum meðvituð um þann árangur sem fólst í því að fá ríkið og sveitarfélögin til að vinna sem eina öfluga heild að bættum samgöngum. Niðurstaðan sem fékkst með uppfærslunni er svo enn stærra skref þar sem hugsað er til lengri tíma með styrkari stoðum.



Samhliða uppfærslunni var samið um ýmsar breytingar og umbætur á stjórnskipulagi sáttmálans. Þeim er ætlað að skerpa á eigandahlutverki Betri samgangna, stórefla upplýsingaflæði um stöðu verkefna, kostnað og framvindu frá Vegagerðinni til Betri samgangna og gerð útboðsstefnu svo nokkur dæmi séu tekin. Einnig var ákveðið að færa verkefnastofu og verkefnastjórn Borgarlínu til Betri samgangna.

Innleiðing þessara breytinga á stjórnskipulagi er nú á lokastigi og er stefnt að því að undirrita nýjan samstarfssamning við Vegagerðina á allra næstu vikum. Færsla verkefnastofu Borgarlínunnar og hjóla- og göngustíga til okkar frá Vegagerðinni gekk vel og var á undan áætlun.

Fjárfestingar

Samgöngusáttmálinn snýst um tvær grunnstoðir; fjárfestingar og fjármögnun. Í kjölfar uppfærðs sáttmála var hafist handa við að hrinda í framkvæmd mikilvægum fjárfestingum, verkefnum sem höfðu sum verið í tímabundinni biðstöðu. Ég ætla að nefna nokkrar af helstu framkvæmdunum.

- Útboð á landfyllingum og sjónvörnum fyrir Fossvogsbrú var auglýst 6. nóvember sl. og alls bærust fjögur tilboð. Í ársbyrjun var samið við Gröfu og grjót sem átti lægsta tilboðið sem var um 70% af áætluðum verktakakostnaði. Framkvæmdir hófust á Kársnesi í Kópavogi við hátíðlega athöfn 17. janúar þar sem nýr innviðaráðherra tók fyrstu skóflustunguna ásamt borgarstjóra, bæjarstjóra Kópavogs, framkvæmdastjóra okkar og forstjóra Vegagerðarinnar. Framkvæmdir hafa gengið vel og hefst vinna við landfyllingarnar Reykjavíkurmegin á næstu dögum, á undan áætlun. Útboð vegna sjálfrar brúarsmíðarinnar verður auglýst í næsta mánuði. Fossvogsbrúin Alda er hluti af Borgarlínunni og áætlað að um 10 þúsund manns muni daglega hjóla, ganga eða fara með almenningssamgöngum um brúna. Þá mun hún nýtast í forgangsakstur fyrir lögreglu, sjúkraflutninga og slökkvilið.
- Stofnun opinbers hlutafélags um rekstur almenningssamgangna mun vonandi ljúka á allra næstu dögum. Vinna við innviði Borgarlínu og mótun reksturs almenningssamgangna í heild sinni þarf að vinna samhliða og í nánu samstarfi.
- Framkvæmdir við nýjan Arnarnesveg milli Kópavogs og Reykjavíkur ganga vel og í janúar var opnað fyrir umferð um Breiðholtsbraut yfir ný undirgöng til móts við Völvufell. Umferð hafði fram að því verið beint um hjáleið frá því framkvæmdir við undirgöngin hófust í apríl 2024. Samhliða framkvæmdum við Arnarnesveg er unnið að breikkun Breiðholtsbrautar og framkvæmdum við nýjan hjóla- og göngustíg samhliða Arnarnesvegi frá Rjúpnavegi að Elliðaárdal. Áætluð verklok eru haustið 2026.



- Tvær brýr fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur eru í uppbyggingu í Elliðaárdal, önnur við Grænugróf og hin við Dimmu. Uppbygging brúarinnar við Dimmu og aðliggjandi stígakerfi er framkvæmt samhliða uppbyggingu nýs Arnarnesvegar. Töluverðar stígaframkvæmdir hafa einnig verið samhliða gerð nýrrar brúar við Grænugróf. Þessum tveimur verkefnum, nýjar brýr við Dimmu og Grænugróf, ásamt aðliggjandi stígakerfi verður lokið í sumar.
- Betri samgöngur buðu nýlega út framkvæmdir við stofnstíga sem liggja vestan Reykjavíkurvegar í Hafnarfirði og vestan Hafnarfjarðarvegar í Garðabæ. Framkvæmdir felur einnig í sér nýja hjólabrú yfir Arnarneslæk sunnan Hegraness í Garðabæ. Tilboð í framkvæmdirnar voru opnuð í lok apríl. Stefnt er á að hefja framkvæmdir í sumar, en þær munu standa yfir í um eitt ár.
- Samgöngusáttmálinn mun standa straum af kostnaði við lagningu nýrrar akreinar fyrir Strætó á Kringlumýrarbraut sem er í framkvæmdaútbóði. Tilboð voru opnuð fyrr í þessum mánuði, samningaviðræður við verktaka standa nú yfir og gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki síðla sumars.
- Fjöldmörg verkefni eru í hönnun, skipulagsferli og undirbúningi og samningar voru nýlega gerðir vegna hönnunar á Borgarlínuleiðum.
- Almennt er góður gangur í undirbúningi verkefna og vandað er til verka svo tryggja megi að framkvæmdir gangi hratt og snurðulaust fyrir sig. Ég hvet öll til að kynna sér verkefni og stöðu þeirra í upplýsingagáttinni okkar Verksjá.is.

Fjármögnun

Fjármögnun fjárfestinga Samgöngusáttmálans byggist á framlögum frá hluthöfum, flýti- og umferðargjöldum og Keldnalandinu. Samkvæmt uppfærðum sáttmála leggur ríkið fyrirtækinu til um 6,8 milljarða á ári á næstu árum og sveitarfélögin alls um 2 milljarða, sem skiptist eftir íbúafjölda þeirra.

Þegar upphaflegur Samgöngusáttmáli var gerður voru flest verkefni hans á hugmyndastigi. Síðan hefur mikið áunnist við undirbúning flestra stærri verkefna hans og grundvöllur áætlanagerðar því mun betri í uppfærðum Samgöngusáttmála. Við uppfærsluna var stuðst við alþjóðlega aðferðafræði AACE við gerð og framsetningu kostnaðaráætlana. Þetta er verklag sem beitt er í stærri verkefnum víða um heim.

Með Samgöngusáttmálanum var fyrirtækinu falið að annast þróun og sölu lands að Keldum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfar alþjóðlegrar þróunarsamkeppni sem við héldum í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg hefur



vinna staðið yfir við rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum. Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats fyrir rammahluta aðalskipulags var kynnt í september 2024 og drög að tillögu eiga að liggja fyrir nú í vor.

Stefnt er að því að fyrstu skipulagsáætlanir fyrir svæðið verði staðfestar árið 2026 og í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að úthlutun byggingarhæfra lóða fyrir íbúðarhúsnæði á Keldnalandi hefjist árið 2028. Skipulagningu og uppbyggingu verður skipt í minni áfanga, enda ljóst að svo stórt og fjölmennt hverfi verður í uppbyggingu langt fram á næsta áratug. Í uppfærðum sáttmála er landið metið á um 50 milljarðar króna, samanborið við 15 milljarða í upphaflegum sáttmála.

Gjaldtaka í samgöngum almennt er að breytast með breyttum orkugjöfum bifreiða og aukinni þekkingu á ytri kostnaði samgangna. Unnið er að heildstæðri endurskoðun á gjaldtöku af ökutækjum og umferð, gjaldtöku til fjármögnunar á einstökum þáttum samgönguinnviða ásamt greiningum á svæðisbundinni gjaldtöku eins og flýti- og umferðargjöldum.

Í uppfærðum Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir að flýti- og umferðargjöld skili um 143 ma.kr. frá árinu 2030 til 2040 og að gjaldtakan geti staðið undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2040. Tekjur af gjaldtökunni verða að fullu nýttar í samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Lokaorð

Framkvæmdastjóri mun fara yfir ársreikninginn hér á eftir, en hann er áritaður athugasemdalaust af Ríkisendurskoðun. Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar segir að ársreikningur sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu, afkomu og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga. Í henni er einnig, eins og síðustu ár, ábending um að Betri samgöngur hafa ekki fengið fullnægjandi gögn frá Vegagerðinni um einstaka verkefni til að geta rýnt þau með tilliti til kostnaðar og framvindu. Þó telji fyrirtækið sig fá betri yfirsýn vegna Borgarlínu og hjóla- og göngustíga eftir að það tók við þeim verkefnum. Þá hafi Vegagerðin ekki gefið út reikninga vegna verkefna sem tengist Betri samgöngum, en vinna við það sé farin af stað. Uppfærður samstarfssamningur við Vegagerðina mun taka á þessum athugasemdum.

Góðir fundargestir.

Uppfærsla Samgöngusáttmálans og aðrar breytingar og umbætur því samhliða hafa kallað á miklar breytingar á starfsemi Betri samgangna. Aukið umfang verkefna og tilfærsla hluta þeirra frá Vegagerðinni til Betri samgangna kallaði á nýja hugsun og endurskipulagningu í rekstri fyrirtækisins. Markmiðið var að auka skilvirkni, einfalda boðleiðir og færa verkefnin nær eigendum sínum. Í því ljósi



höfum við, stjórn og starfsmenn, að undanfögnu unnið að nýrri stefnumótun fyrir Betri samgöngur sem byggir á framtíðarsýn, árangri, markmiðum og aðgerðum.

Mönnun skrifstofunnar endurspeglar þessar breytingar. Starfsmenn höfðu verið þrjú frá því fyrirtækið tók formlega til starfa árið 2021 en voru í árslok 2024 orðnir alls tíu. Af sjö nýju störfunum voru þrjú tengd Borgarlínunni og hjóla- og göngustígum sem voru áður hjá Vegagerðinni. Hin fjögur eru á sviði fjármála-, samskipta-, innkaupa- og skipulagsmála. Það eru allt málaflokkar sem uppfærsla sáttmálans fól okkur að sinna af meiri þunga. Við höfum verið einstaklega heppin með ráðningar – þar er framúrskarandi fólk í hverri stöðu.

Gagnsæi og miðlun upplýsinga um stöðu verkefna Samgöngusáttmálans er lykilstef í starfsemi Betri samgangna. Nýtt mælaborð og verksjáin eru dæmi um það. Verksjáin veitir Alþingi, sveitarfélögum og almenningi aðgang að upplýsingum um sáttmálann í heild sinni og stöðu mála.

Mælaborðið veitir samtíma upplýsingar um stöðu verkefna, kostnað og framvindu – það eru nauðsynlegar upplýsingar fyrir stjórnendur og eigendur.

Samstarfið í stjórninni hefur gengið mjög vel og var hundraðasti stjórnarfundurinn frá upphafi haldinn nú í mars. Haldnir voru 19 stjórnarfundir á síðasta ári og þeir hafa verið sjö það sem af er þessu ári.

Ég hef stiklað á stóru í starfseminni á liðnu starfsári og vil nota tækifærið til að þakka farsælt samstarf innan stjórnar og við starfsfólk. Þar sem ég vík nú úr stjórninni vil ég ítreka sérstaklega mikilvægi sáttmálans og Betri samgangna. Verkefni sáttmálans verða að hafa pólitískan forgang enda er Samgöngusáttmállinn lykillinn að betri samgöngum og auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu.
